

## VFÖ-33 Virknimynstur villtra minka á Íslandi

Menja von Schmalensee<sup>1,3</sup>, Róbert A. Stefánsson<sup>1,3</sup>, Eggert Gunnarsson<sup>2</sup> og Páll Hersteinsson<sup>3</sup>

<sup>1</sup>Náttúrustofa Vesturlands, Hafnargötu 3, 340 Stykkishólmur, <sup>2</sup>Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði, Keldum v/Vesturlandsveg, 112 Reykjavík, <sup>3</sup>Líffræðistofnun Háskólans, Öskju, Sturlugötu 7, 101 Reykjavík, menja@nsv.is

Fylgst var með atferli 58 minka sem merktir voru með radiósendum á þremur ólíkum rannsóknasvæðum; við sjó á Reykjanesskaga og ferskvatn við Sogið í Grímsnesi á árunum 1996-1999, og haustið 2003 við sjó á norðanverðu Snæfellsnesi. Virknimynstur minka var þannað annars vegar með sólarhringsvöktun einstakra dýra og hins vegar með því að reikna út hlutfall staðsetninga þegar dýr var virkt eftir tíma sólarhrings. Niðurstöður sólarhringsvaktana sýndu að enginn munur var milli búsvæða á heildarvirkni, hversu lengi dýr voru virk í einu, hversu lengi þau voru óvirk í einu og hvaða vegalengd þau lögðu að baki á sólarhring. Í ljósi þess að heimasvæði viðkomandi minka við ferskvatn voru marktækt stærri en við sjó virðast þessar niðurstöður endurspeгла hægari endurnýjun fæðunnar á ferskvatnssvæðinu. Mikill breytileiki reyndist vera í virknimynstri eftir tíma sólarhrings, bæði milli daga hjá sama minknum og milli einstaklinga.